

Heiti verkefnisins: Svæðismörkun Katla UNESCO Global Geopark

Skýrsla þessi er: Lokaskýrsla

Tilv. Nr. Verkefnis: 213008

Ráðgjafi: Þórður Freyr Sigurðsson

Upphæð styrkveitingar: 8.000.000 kr.

Verkefnisstjóri: Jóhannes M. Jóhannesson

Tölvupóstfang: Johannes@katlageopark.is

Sími: 866-7863

Styrkþegi: Katla jarðvangur ses, k. 600611-0700

Útlagður kostnaður:

Vinnuframlag styrkþega:

580,5 klst * 4700 kr. = 2.612.250 kr.

Samtals áfallinn kostnaður: (útlagður+vinnuframlag) 2.612.250 kr. (vinnuframlag) + 681.280 kr (heimasíðugerð) + 389.270 kr (bensínkostnaður) = 3.682.800

Óskað er eftir greiðslu að upphæð: 3.000.000 kr.

Lýsing á framgangi verkefnis:

Gerð hefur verið ný heimasíða fyrir jarðvanginn sem er nútímaleg og mun notendavænni, bæði fyrir þá sem heimsækja síðuna sem og þá sem vinna í síðunni. Þá á að uppfæra allar helstu upplýsingar sem eru á heimasíðunni og fólst vinnan í þessu verkefni að miklu leyti að því.

Textar um jarðvættin hafa verið uppfærðir eða nýir textar ritaðir fyrir þau ásamt því að nýjar ljósmyndir hafa verið settar inn á heimasíðuna fyrir mörg þeirra. Ljósmyndir og drónamyndir hafa verið teknar af fjölmörgum jarðvættum undanfarna mánuði, en þær myndir hafa m.a. verið nýttar á heimasíðuna, í fræðslupistla, og munu á endanum verða notaðar í kynningarefni um Kötlu jarðvang sem og að vera grunnur af myndabanka jarðvangsins.

Skrif um jarðfræði sem á að nota í almenna fyrirlestra um jarðfræði, jarðfræðifyrirlestra fyrir fyrirtækin og frekara kynningarefni um jarðfræði fyrir heimasíðuna var ritað. Samhliða því voru fyrirlestrar haldnir í Rangárbíngi eystra og Mýrdalshreppi, en aldrei kom til að fyrirlestur yrði haldinn í Skaftárhreppi vegna aðstöðuleysi. Þá voru jarðfræðifyrirlestrar fyrir nokkur ferðapjónustufyrirtæki gerðir og þeir frumfluttir, ásamt því að ferð var farin með einu fyrirtæki til að prófa að hafa jarðfræðifræðslu til leiðsögufólks í einum af ferðum þeirra, sem tókst mjög vel.

Nokkrir fundir með ferðapjónustunni voru haldnir í hreppunum þremur og var spjallað við ferðapjónustufyrirtækin um nýju vefsíðuna, hvað jarðvangurinn gæti gert fyrir fyrirtækin og jarðfræðikynningar jarðvangsins kynntar. Er þetta hluti af þeirri vinnu að festa jarðvanginn frekar í sessi á svæðinu og sýna fram á notagildi hans.

Þá hefur verið haldið áfram með uppbyggingu heimasíðunnar, og m.a. efni um jarðvangsfyrirtækin bætt við ásamt nýjum ljósmyndum. Þá hefur fræðsluefni um jarðfræði Íslands og Kötlu jarðvangs skrifað, en það er efni sem mun kenna fólki um jarðfræði svæðisins á heimasíðunni í framtíðinni. Ætlunin er, þegar síðan um jarðfræði Þorvaldseyri er komin upp, að setja þessar upplýsingarnar á heimasíðuna og hafa jarðfræði jarðvætta tengjast beint við nýju jarðfræðisíðuna til að gefa áhugasömum heildstæða mynd á jarðfræði svæðisins og þá geta séð út frá jarðvættunum hvernig jarðfræðin hefur myndast og þróast á hverjum stað fyrir sig.

Þá var kynningarefni um jarðvanginn uppfært og bætt á meðan á verkefninu stóð og kynningarefni um náttúruvá innan Kötlu jarðvangs tekið saman. Því efni er ætlað að þjóna sem upplýsingarbæklingur fyrir fólk sem flytur inn á svæðið í framtíðinni, en það á eftir að bera það undir sveitarfélögin og Almannaþingarnir.

Skoðað var hvort ætti að setja upp bókunarþjónustu fyrir fyrirtækin innan jarðvangsins og tengja fyrirtækin þannig frekar við heimasíðuna og jarðvanginn sjálfan. Bókunarþjónustan myndi vera mun ódýrari kostur en aðrar þjónustur fyrir fyrirtækin, og mun hún vonandi fá fyrirtækin til að ýta undir markaðssetningu jarðvangsins út á við, því þannig munu þau einnig græða á því. Ákvörðun með þennan lið verður tekinn á árinu.

Lýsing á næstu skrefum / Hvert er framhald verkefnisins:

Verkefninu er nú lokið, en uppfærslu á heimasíðu jarðvangsins verður haldið áfram.

Aðrar upplýsingar sem verkefnisstjóri vill koma á framfæri / eða ósk um breytingu á verkáætlun (samningi):

Ekki tókst, vegna tímaskorts, að útbúa kynningarefni um Kötlu jarðvang á myndbandsformi. Búið er að taka upp drónavídeóin fyrir myndbandið, en myndbandið sjálft verður gert seinna.

Upplýsingar um fylgiskjöl: